

Deiliskipulag Hörgaeyrargarðs

Auglýst tillaga, sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

26. apríl 2024



Áritun

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyja

þann _____

f.h. Vestmannaeyjabæjar

Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar nr. _____ / _____

þann _____ í B-deild Stjórnartíðinda.

Unnið af Alta ehf fyrir Vestmannaeyjabæ.

alta

A1686-001-U01

Tilgangur og aðdragandi

Hörgaeyrargarður er grjóttgarður sem teygir sig inn í innsiglingu Vestmannaeyjahafnar. Stærsti hluti garðsins var byggður á árunum 1928-1929 til að verjast ágangi sjávar, en þá var höfnin töluvert opnari og því berskjaldaðari.

Nú er svo komið að garðurinn þrengir að siglingu skipa um höfnina og kemur í veg fyrir að hægt sé að taka stór skip inn til hafnar. Þegar skip liggja við Nausthamarsbryggju, sem er andspænis Hörgaeyrargarði hafa myndast aðstæður þar sem tæpt hefur staðið að skip á siglingu rekist á skip sem liggja við bryggjuna. Af þessum sökum er talið heppilegt að stytta garðinn og auka þannig svigrúm í innsiglingunni. Skv. athugun Vegagerðarinnar eru áhrif styttingar garðsins á staðbundna vindöldu innan hafnar óveruleg, hvort sem hann er stytur um 50 m, 70 m, eða jafnvel fjarlægður alveg¹.

Gróflega áætlað er efnið í garðinum öllum um 12.000 m³. Áformað er að stytta garðinn um allt að 40 metra og nýta efnið eftir föngum til uppbyggingar í Vestmannaeyjabæ.

Hörgaeyrargarður er innan reits H-2 í Aðalskipulagi vestmannaeyjabæjar 2015-2035 en um hann gilda m.a. svofelldir skilmálar:


Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Tilgangur þessa deiliskipulags er að gera grein fyrir stefnu bæjarstjórnar um breytingar á garðinum, sem forsendu fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis. Deiliskipulagið er auglýst með 6 vikna fresti til að gera athugasemdir í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdum ber að skila í skipulagsgátt.

¹ Vestmannaeyjahöfn. Öldufar innan hafnar. Áhrif styttingar Hörgaeyrargarðs, Vegagerðin, maí 2022.



Horft í austurs yfir Vestmannaeyjahöfn. Hörgaeyrargarður er merktur með rauðum hring.



Hluti af þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035. Hörgaeyrargarður er fyrir miðju.

Skilmálar

Heimilt er að stytta Hörgaeyrargarð um allt að 40 metra og breyta lögun og frágangi til samræmis. Hafa skal samráð við helstu notendur hafnarinnar, siglingasvið Vegagerðarinnar og siglingasvið Samgöngustofu við útgáfu framkvæmdaleyfis, skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Þess skal gætt að raska ekki sjávarbotni umfram nauðsyn. Þó er heimilt að dýpka sjávarbotn og leggja sæstrengi og leiðslur um skipulagssvæðið ef þörf krefur í stærra samhengi. Framkvæmdir skulu eiga sér stað utan varptíma æðarfugls.

Áhersla er lögð á vandaðan frágang, bæði ofan sjávar og neðan og gott yfirbragð framkvæmdasvæðisins að framkvæmdum loknum.

Umhverfismat


Allt land sem framkvæmdir gætu haft áhrif á er manngert en hefur náð náttúrulegu jafnvægi á löngum tíma.

Ekki verður séð að stytting garðsins, þ.e. að landslag verði fært til upprunalegs horfs á hluta svæðisins, geti haft verulegt áhrif á náttúrufar. Efni úr garðinum verður nýtt eftir föngum í uppbyggingu í Vestmannaeyjabæ. Gerð verður nánari grein fyrir meðferð efnisins í framkvæmdaleyfi.

Æðarvarp er í Löngufjöru og á Hörgaeyrargarði sem þarf að taka tillit til við framkvæmdir. Settir hafa verið skilmálar um að framkvæmdir skulu eiga sér stað utan varptíma æðarfugls.

Áhrif styttingar á vindöldu innan hafnarinnar hafa verið metin óveruleg.

Stytting garðsins eykur svigrúm fyrir siglingu og snúning stórra skipa í innsiglingunni.



Deiliskipulagsuppráttur sem nær yfir Hörgaeyrargarð. Stærð skipulagssvæðisins er 1,05 ha.